

Fundur 24. mars 2011 kl. 16.00

Mætt voru Björk Sigurðardóttir, Gunnar Kárason og Rannveig Ármannsdóttir. Rakel Rós Snæbjörnsdóttir var fjarverandi.

Rætt var um hvernig styrkjum skuli úthlutað og til hvaða verkefna. Ákveðið var að láta birta eftirfarandi auglýsingu á www.ma.is

Ákveðið hefur verið að auglýsa til umsóknar styrki úr Uglunni, Hollvinasjóði MA.

Við brautskráningu 17. júní nk verða í fyrsta sinn veittir styrkir úr UGLUNNI, Hollvinasjóði MA. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýsköpun í skólastarfi Menntaskólans á Akureyri. Honum er ætlað að stuðla að nýbreytni í námsframboði og kennsluháttum og styðja við hverskonar frumkvöðla- og þróunarstarf starfsfólks og nemenda skólans en jafnframt vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn að leita til um önnur mál tengd skólastarfi.

Skriflegar umsóknir ásamt rökstuðningi þurfa að berast til Rannveigar Ármanndóttur (rannveig@ma.is) fyrir 30. apríl.

Hafa samband við Sverri Pál um að setja þetta inn á heimasíðu skólans sem og Huginsvefinn.

Fundi slitið kl. 17.00

Rannveig Ármannsdóttir